# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## MLSU1VA03

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Haukur Hilmarsson, haukur.hilmarsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | miðvikudaga kl. 09:15-10:10, stofa 122 | |
| **Námsefni** | Námsefni frá kennara. | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum lærir nemandinn að umgangast gashylki, logsuðu- og logskurðartæki. Hann lærir að fylgja suðulýsingu, logsjóða plötujárn í suðustöðum PA, PC og PF með I-rauf. Nemandinn fær þjálfun í að lóða og logskera fríhendis og bregðast rétt við ef hættu ber að höndum. Farið er yfir brunahættu vegna loga og neistaflugs, sprengihættu vegna áhrifa acetýlens á eir og áhrifa súrefnis á olíu og feiti og vegna íláta sem innihalda eða hafa innihaldið eldfim efni. Farið er í undirstöðuatriði heilsuverndar, hlífðarfatnað og hlífar. | |

| | | |
|---|---|---|
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn(leiðsögumat). Til að ná áfanga þarf að ná lámarks hæfni í mismunandi suðuaðferðum. Skriflegt lokapróf er ekki í próftöflu. | |
| | **Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |
| | **Heiti** | **Vægi** |
| | Ýmis suðu verkefni | 50% |
| | Virkni í kennslustundum | 50% |
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.<br>https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/maetingareglur | |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í málmiðnadeild FS er unnið með grunnþætti menntunar í tengslum við verklegt nám og fagleg vinnubrögð. Læsi felst í því að nemendur læra að lesa teikningar og verklýsingar, skrá vinnu sína og tjá sig um verkefni og ferli. Áhersla er lögð á sjálfbærni með ábyrgri efnisnotkun og réttri meðhöndlun úrgangs.<br>Heilbrigði og velferð eru tryggð með þjálfun í öryggi, notkun hlífðarbúnaðar og góðu vinnuumhverfi. Nemendur taka þátt í samstarfi og ákvörðunum sem þjálfar lýðræðisleg vinnubrögð og virðingu fyrir öðrum. Jafnrétti er haft að leiðarljósi með fjölbreyttum kennsluháttum og jöfnum tækifærum allra nemenda. Sköpun birtist í lausnaleit, hönnun og framkvæmd verkefna þar sem nemendur þróa verklega færni og faglega hugsun. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• *mikilvægi hlífðarfatnaðar og hlífa ásamt heilsuvernd á vinnusvæði*<br>• *gashylkjum, meðferð þeirra við geymslu og flutning, litamerkingum og frágangi topploka*<br>• *notkunarsviði acetýlens og súrefnis*<br>• *suðuloga, blöndu hans og hitastigi*<br>• *áhrifum kolandi loga, súrefnisríks og hlutlauss loga á suðupollinn*<br>• *gerðum og samsetningu raufa og áhrifum þeirra á spennu*<br>• *ástæðum þess að ekki sé hægt að logskera alla málma*<br>• *virkni lóða og lóðdufts*<br>• *staðlinum ÍST EN 287-1 um hæfnispróf*<br>• *staðlinum ÍST EN 5 817 um mat á suðum og suðugalla* | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• *nota suðulóð og lóðduft*<br>• *setja upp mæla á hylki, slöngur og sköft*<br>• *sjóða 1 – 3 mm plötustál með I-rauf í PA, PF og PC*<br>• *stilla réttan vinnuþrýsting*<br>• *logskera stál fríhendis*<br>• *sjóða stúfsuðu í plötu í stöðum PA, PC, og PF*<br>• *nota hlífðarfatnað og öryggisbúnað* |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- *velja hlífðarbúnað og hlífar í samræmi við aðstæður*
- *stilla suðutæki í samræmi við notkun*
- *velja réttan vinnuþrýsting*
- *velja suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt*

| **Vinnuáætlun - Dæmi með símati** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| **Undirbúningur Próf og Próf** | 3 x 4 klst. | 12 klst. |
| **Alls** | | **92klst. = 4 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Öryggismál og læra á suðubúnað. | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Öryggismál og læra á suðubúnað. | |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | Verkleg próf |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | Verkleg próf |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | Staðan tekin í suðuæfingum.<br>Verklegt próf |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Læra á suðubúnað og æfa einfaldar suður | |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | logskurður | |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | logskurður | |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | logskurður | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Lóðun með slaglóði og Tin | |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Lóðun með slaglóði og Tin | |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Lóðun með slaglóði og Tin | Loka vinnumat á þjálfunar verkefnum |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Haukur Hilmarsson*